

**Ellefti fundur samstarfsnefndar vegna sameiningaviðræðna
Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar
6. september 2023, kl: 15:00.**

Mætt voru:

Jenný Lára Magnadóttir frá Tálknafjarðarhreppi
Jóhann Örn Hreiðarsson frá Tálknafjarðarhreppi
Lilja Magnúsdóttir frá Tálknafjarðarhreppi
Ólafur Þór Ólafsson frá Tálknafjarðarhreppi
Jón Árnason frá Vesturbyggð
Þórkatla Soffía Ólafsdóttir frá Vesturbyggð
Guðrún Eggertsdóttir frá Vesturbyggð
Þórdís Sif Sigurðardóttir frá Vesturbyggð

Bryndís Gunnlaugsdóttir, Róbert Ragnarsson og Vilhjálmur Sveinsson frá KPMG. Vilhjálmur ritaði fundargerð.

I. Kynningarmál

Almennar umræður um drög að kynningabæklingi til dreifingar um tillöguna, væntanlega íbúafundi og kosningafyrirkomulagið.

II. Íbúafundir

Almennar umræður um skipulagningu íbúafunda um sameiningartillöguna og kosningafyrirkomulagið. Verða haldnir fjórir íbúafundir:

- Birkimel á Barðaströnd, þriðjudaginn 3. október kl. 16:00.
- Félagsheimili Patreksfjarðar, þriðjudaginn 3. október kl. 20:00.
- Íþróttamiðstöðinni á Tálknafirði, miðvikudaginn 4. október kl. 20:00.
- Baldurshaga á Bíldudal, fimmtudaginn 5. október kl. 20:00.

III. Gátlisti fyrir sameiningarkosningar

Farið var yfir gátlista fyrir sameiningarkosningar og þau atriði er þarf að uppfylla til að kosningar séu í samræmi við væntanlega reglugerð um íbúakosningar.

IV. Hagsmunagæsla gagnvart ráðherrum og þingmönnum.

Farið var yfir fyrirkomulag varðandi hagsmunagæslu gagnvart ráðherrum og þingmönnum en nauðsynlegt er að halda á lofti mikilvægi samgangna á svæðinu. Bæði þarf að tryggja að Suðurfjarðagögn komist á dagskrá og að þjónusta verði bætt á svæðinu þar til göngin verða tilbúin.

V. Önnur kynningarmál

Almennar umræður um kynningarmál varðandi væntanlega kosningu.

VI. Önnur mál

Samþykkt var að næsti fundur samstarfsnefndar yrði 27. september nk. kl.15:00

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 16:20.